



## Ávarp forseta Íslands

Sú öld sem senn er á enda hefur vissulega verið tími einstæðra framfara í vísindum, tækni og líf skjörum fólks um veröld víða.

Við vitum nú meira um manninn sjálfan, undur náttúrunnar og lögmál alheimsins en allar aðrar kynslóðir jarðarbúa samanlagt.

Við erum hraustari, heilbrigðari og langlífari en áður þekktist.

Samt höldum við áfram að storka niðurstöðum vísindanna, ala á óhollustu, veita sjúkdómum brautargengi, bjóða heim hættunni á að veikjast af krabbameini eða hjartasjúkdómum; tefla sjálfu lífinu í tvísýnu.

Reykingar eru sannarlega meðal helstu sjúkdómsvalda samtímans. Á undanförnum áratugum hafa milljónir manna um heim allan látist af þeirra völdum.

Árlega deyja um 300 Íslendingar beinlínis vegna reykinga eða sjúkdóma sem tengjast þessari lífshættulegu venju.

Við getum ímyndað okkur hvernig umræðan og fréttáflutningurinn væru ef slíkt væri tengt alvarlegum flugslysum: Tvær þéttsetnar Flugleiðapotur færust á hverju ári!

Það er því mikil þörf á víðtækri umræðu og fræðslu um hættunna sem fylgja reykingum. Ekki aðeins þeim sjálfum heldur einnig hvernig reykingar unglunga stórauka líkurnar á að þau verði fljótlega fórnarlömb fíkniefna og hættulegra eiturlyfja.

Við Guðrún Katrín höfum fylgst með því í Seattle nú í sumar hve öflug umræðan um tóbaksvarnir er í Bandaríkjunum; hvernig baráttan er háð á þjóðþinginu, í borgum, bæjum og byggðarlögum, í skólum og fjölmiðlum.

Vonandi verður hliðstæð vakning á Íslandi.

Ráðstefnan á Egilstöðum er lofsvert framtak og mikilvægt skref í rétta átt. Með umræðum, fræðslu og samstarfi um landið allt næst vonandi að hnýta það björgunarnet sem dugir. Mannlífín eru of dýrmæt til að fórna þeim á altari reykinganna.

Ég óska ráðstefnugestum heilla í starfi og vona að umræðan á Egilstöðum hvetji aðra til dáða.